

## Afkoma og búsvæðaval þórshana *Phalaropus fulicarius* og óðinshana *Ph. lobatus*

Yann Kolbeinsson<sup>1,2\*</sup> og Arnþór Garðarsson<sup>2</sup>

<sup>1</sup>Náttúrustofa Suðurlands

<sup>2</sup>Líffræðiskor Háskóla Íslands

\* netfang: yannk@hi.is

Þórshani og óðinshani eru tvær sundhanategundir og eiga það sameiginlegt að verja mestum hluta ævinnar á vötnum eða á sjó. Báðar tegundirnar verpa að mestu norðan við skógarmörk. Þórshaninn hefur þó norðlægari útbreiðslu en óðinshani og sækir helst í hánorrænar túndrur Síberíu, Alaska og Kanada. Sundhanar einkennast af viðsnúnum kynjahlutverkum þar sem kvenfuglinn er litskrúðugri og karlfuglinn sér alfarið um álegu og ungauppeldi. Óðinshani er útbreiddur varpfugl á Íslandi sem finna má í votlendi frá sjó upp til fjalla og er stofnstærðin talin vera í kringum 50.000 pör. Þórshani er hér á syðri mörkum heimsútbreiðslunnar og hefur ætíð verið strjáll varpfugl sem velur sér varpstaði nærri sjó. Árið 2005 fundust alls um 250 þórshana á landinu.

Stefnt er að því að finna breytur sem einkenna búsvæðaval þórshanans og óðinshanans innan sama svæðis, og hægt yrði að nýta til að fyrirbyggja eyðileggingu kjörvarplanda þórshanans sem og friða slík svæði fyrir hvers kyns röskun, en tegundin er á Válista

Náttúrufræðistofnunar Íslands um tegundir í hættu. Kannað er hvort munur sé á afkomu þórs- og óðinshanans innan sama rannsóknarsvæðis. Rannsóknin mun einnig leggja grunn að áframhaldandi vöktun þórs- og óðinshanastofnins, en báðum virðist hafa fækkað á síðustu áratugum, að vísu hafa engar rannsóknir verið gerðar sem staðfesta þessa útbreiðdu skoðun.

Rannsóknirnar hófust sumarið 2005 og stendur til að ljúka þeim sumarið 2006. Þær eru stundaðar á helsta varpsvæði þórshanans á Suðurlandi, þar sem einnig er að finna óðinshana og þess vegna kjörnar aðstæður til að bera tegundirnar saman. Forkönnun var gerð sumarið 2004.

Varpafkoma er metin með því að reyna að finna hreiður beggja tegunda og fylgjast síðan með þeim fram að klaki. Þórshana voru litmerktir sumarið 2005 til að átta sig á varpháttum þeirra og verða fleiri fuglar litmerktir sumarið 2006 ásamt því að notast verður við radíó-senda á allt að tíu karlfugla til að auka tíðni athugana og bæta upplýsingar um hreiður og varpárangur. Afkoma unga er metin með því að telja á sniðum á ungotíma þar sem hegðun beggja tegunda er skráð og ungar taldir ef vart verður við þá.

Fæðubúsvæðaval tegundanna er kannað með því að taka háfsýni úr vatni eða úr gróðrinum á þeim stöðum sem fuglar eru við fæðuleit. Niðurstöðurnar eru í framhaldinu bornar saman við sýni tekin tilviljunarkennt á rannsóknarsvæðinu. Sömuleiðis eru hreiðurbúsvæði skráð niður og borin saman milli tegunda ef mögulegt er.

Fyrstu niðurstöður benda til þess að þórshaninn reyni að einhverju leyti við varp á rannsóknarsvæðinu en aðstæður á svæðinu virðast ekki vera honum í hag. Á sama tíma bendir hegðun óðinshanakarlfugla til þess að varpárangurinn gangi mun betur. Reynt verður að meta hvað veldur mismunandi varpárangri hjá tegundunum sumarið 2006 og þá hvort skekkt kynjahlutföll þórshanans spili þar inn í, en u.þ.b. 70% þórshana reyndust vera karlfuglar, þetta hlutfall var um 50% hjá óðinshana.